



Reykjavík, 29. apríl 2020  
Fundargerð 196. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Miðvikudaginn 29. apríl var haldinn 196. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 13.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson.

Ásgeir Þór Ásgeirsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sat fundinn undir lið 1.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. Núverandi staða vegna COVID-19**

Farið yfir núverandi stöðu verkefna vegna COVID-19 heimsfaraldurs. Meðal annars áttak sem stendur yfir til að fyrirbyggja heimilisofbeldi.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## **2. Aflétting takmarkana frá og með 4. maí**

Farið yfir verkefni framundan vegna afléttingar takmarkana frá og með 4. maí í samræmi við tillögur sóttvarnalæknis og auglýsingu heilbrigðisráðherra þar að lútandi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar eftir 4. maí 2020, dags. 21. apríl 2020.
- Viðbót við minnisblöð sóttvarnalæknis frá 11. og 13. apríl varðandi afléttingu takmarkana vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020, dags. 19. apríl 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 3. Tölulegar upplýsingar um COVID-19 fyrir höfuðborgarsvæðið

Farið yfir tölulegar upplýsingar um COVID-19 fyrir höfuðborgarsvæðið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölfræði frá sóttvarnalækni, COVID-19. Höfuðborgarsvæðið, dags. 28.04.20.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 4. COVID - bifreiðar

Gerð grein fyrir þeim farartækjum sem bætt var við bifreiðaflota SHS vegna COVID-19.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS - Framkvæmd sjúkraflutninga, sérstök flutningstæki fyrir Covid-19, dags. 28. apríl 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 5. Fjölgun bækistöðva

Gerð grein fyrir fjölgun bækistöðva SHS á höfuðborgarsvæðinu vegna COVID-19.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS - Fjölgun starfsstöðva til að hindra smit meðal starfsmanna, dags. 28. apríl 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 6. Endurreisnin

Farið yfir vinnu við tillögur að mögulegum verkefnum og skipulagi vegna endurreisnar í starfsemi sveitarfélaganna í kjölfar Covid-19.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gátlistar fyrir endurreisn, önnur drög, dags. 28. apríl 2020.

*Afgreiðsla:* Kynning. Verður til umfjöllunar hjá stjórn og samstarfshópum sveitarfélaganna fyrir næsta fund.

### 7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14.00.

**Boðað verður sérstaklega til næsta fundar  
eða hann haldinn samkvæmt skipulagi sem er þá föstudaginn 15. maí.**



349

Fylgiskjöl:

- Auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar eftir 4. maí 2020, dags. 21. apríl 2020.
- Viðbót við minnisblöð sóttvarnalækni frá 11. og 13. apríl varðandi afléttingu takmarkana vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020, dags. 19. apríl 2020.
- Tölfræði frá sóttvarnalækni COVID-19. Höfuðborgarsvæðið, dags. 28.04.20.
- Minnisblað SHS - Framkvæmd sjúkraflutninga, sérstök flutningstæki fyrir Covid-19, dags. 28. apríl 2020.
- Minnisblað SHS - Fjölgun starfsstöðva til að hindra smit meðal starfsmanna, dags. 28. apríl 2020.
- Gátlistar fyrir endurreisn, önnur drög, dags. 28. apríl 2020.



Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Rósa Guðbjartsdóttir



Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson